

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. október 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024 (1. mál)

Landssamband ungmennafélaga¹ (LUF) gerir alvarlegar athugasemdir við lögmæti og úthlutun fjárframlaga til æskulýðsmála. Ógagnsæi og skortur á upplýsingum hefur einkennt fjárveitingar til málaflokksins lengi.² Þrátt fyrir breytingar á lögum um opinber fjármál, sem áttu að stuðla að faglegrri stjórnsýslu, hefur staðan versnað ef eitthvað er þegar litið er til málaflokks æskulýðsmála. Ómögulegt er að glöggva sig með fullnægjandi hætti hvernig og á hvaða forsendum framlögum ríkisins til málaflokksins er ráðstafað.

Fjárheimildir til æskulýðsmála rata ekki til málaflokksins.

Samkvæmt fjárlögum til ársins 2024 eru samtals 1.436,3 milljónum útdelt til íþrótt- og æskulýðsmála samkvæmt fjárlagalið 18.40. Þar af renna 332,2 milljónir til 02-988 *Samningar og styrkir til æskulýðsmála*. Af þeim lið fara 322,4 milljónir til safnliðarins, 121 *Samningar og styrkir til æskulýðsmála*.

02-988 Samningar og styrkir til æskulýðsmála	457,7	354,4	332,2	269,0	266,0
119 Æskulýðsþjófur	7,4	9,8	9,8	9,8	9,8
121 Samningar og styrkir til æskulýðsmála	450,3	344,6	322,4	259,2	256,2
02-989 Samningar og styrkir til íþróttamála	1.537,4	1.184,1	1.104,1	1.093,4	1.062,8
111 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands	126,9	126,9	126,9	125,7	124,5
113 Samningar og styrkir til íþróttamála	957,1	509,6	527,2	522,0	496,9
116 Íþróttasjóður	22,0	22,2	22,2	22,0	21,8
122 Launastjóður stórmeistara í skák	39,4	33,4	35,8	35,5	35,2
129 Aftekisjóður ÍSÍ	392,0	392,0	392,0	388,2	384,4
141 Þjófvarnarsjóður, undirbúningur	0,0	100,0	0,0	0,0	0,0

Mynd 1: Fylgirit til fjárlaga 2024.

Framlög til íþrótt- og æskulýðsmála skiptast á tvo fjárlagaliði (02-988 og 02-989) innan málaflokksins. Endurspeglar það þá aðgreiningu sem er á íþrótt- og æskulýðsmálum, líkt og sérlög gefa til kynna. Sundurliðun á styrkjum og samningum til málaflokks 18.40 í fylgiriti til fjárlagafrumvarps (sjá mynd 2) telur ellefu félög og

¹ [Landssamband ungmennafélaga](#) er rangnefnt Landssamband æskulýðsfélaga í fjárlögum og því er hér með óskað eftir því að nafn félagsins verði leiðrétt.

² Sjá [skýrslu](#) um stöðu ungmennageirans: Greining á rekstrarumhverfi ungmennafélaga á Íslandi, bls. 23-27.

sjóði. Ekki er skýrt hvað tilheyrir hvaða fjárlagalið og þar með hvað rennur til æskulýðsmála.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áb.	2023	2024	2025	2026	Gildir til
<i>18.40 Íþróttá- og æskulýðsmál</i>		<i>1.147</i>	<i>1.147</i>	<i>1.147</i>	<i>1.147</i>	
Afrekssjóður ÍSÍ	MRN	392	392	392	392	2023
Bandalag íslenskra skáta	MRN	43	43	43	43	2023
Bridgesamband Íslands	MRN	14	14	14	14	2023
Ferðasjóður ÍSÍ	MRN	127	127	127	127	2023
Íþróttá- og ólympíusamband Íslands	MRN	272	272	272	272	2023
Íþróttasamband fatlaðra	MRN	39	39	39	39	2023
KFUM og KFUK á Íslandi	MRN	39	39	39	39	2023
Landsamband æskulýðsfélaga	MRN	12	12	12	12	2023
Lýfjæfirlit Íslands	MRN	38	38	38	38	2023
Skáksamband Íslands	MRN	38	38	38	38	2023
Ungmennafélag Íslands	MRN	134	134	134	134	2023

Mynd 2: Fylgirit Fjárlagafrumvarp 2024.

Sé litið til þeirra æskulýðsfélaga sem starfa samkvæmt æskulýðslögum nr. 70/2007³ er ekki annað hægt en að álykta að einungis 94 milljónir, eða um 30% af þeim 322,4 milljónum sem eru á safnliði 121 renni til málaflokksins. Það er, framlög til Bandalags íslenskra skáta (43 m.kr. eða 13,3% af safnlið 121), KFUM og KFUK á Íslandi (39 m.kr. eða 12,1% af safnlið 121) ásamt LUF (12 m.kr. eða 3,7% af safnlið 121). Það gerir mismuninn 228,4 milljónir króna sem vantar inn í útreikningana samkvæmt þeim styrkjum og framlögum sem fylgiritið gerir grein fyrir.


Sé UMFÍ, félagasamtök á sviði íþróttá í skilningi íþróttalaga nr. 64/1998⁴, tekið með í útreikning fyrir safnlið 121 líkt og gert er í ríkisreikningi 2022⁵, þá hækkar upphæðin sem rennur til samninga og styrkja á sviði æskulýðsmála í 228 milljónir, en framlag til UMFÍ eru 134 m.kr. eða 41,6% af safnlið 121. Eftir standa þá enn heilar 94,4 milljónir til málaflokksins, samkvæmt þeirri upphæð sem lagt er upp með í safnliði 121, sem hvergi er gert grein fyrir.

³ Tilgangur [æskulýðslaga](#) er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Fram kemur í 3 gr. laganna að framlög úr ríkissjóði til starfsemi landssamtaka æskulýðsfélaga fari eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum. Í [athugasemdum](#) við frumvarp til æskulýðslaga kemur fram að lögunum var ekki ætlað að eiga við um íþróttastarfsemi.

⁴ Eðlilegt er að rekstrarframlög til lagalegra skilgreindra íþróttahreyfinga komi af fjárlagaliðum eyrnamerknum íþróttamálum, en ekki æskulýðsmálum. Ekki er þar með sagt að íþróttahreyfingum sé óheimilt að sækja um verkefnastyrki í tengslum við ungmennastarf á samkeppnisgrundvelli.

⁵ Sjá bls. 202 í séryfirliti 17 um skuldbindandi langtímasamninga í [ríkisreikningi 2022](#).

Fjárheimildir á safnlið 121 skv. fjárlagafrumvarpi 2024 (m.kr.)



Mynd 3: Skipting á fjárheimildum til æskulýðsmála

Þegar litið er til stefnu mennta- og barnamálaráuneytisins í málaflokknum, *Framtíðin: Stefna um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna til 2030*⁶ má finna markmið 4.2. sem segir: „Aukin fjárframlög til reksturs landssamtaka æskulýðsfélaga eru tryggð og jafnræðis gætt við úthlutun fjármagns“. Af framsetningu fjárlaga fyrir árið 2024 er ekki að sjá að fylgt sé í nokkru eftir opinberri stefnu stjórnvalda í málaflokknum.

Samkvæmt því sem að framan greinir gerir LUF athugasemdir við skort á upplýsingum um hvernig ráðstafa á fjárheimildum til æskulýðsmála, hvernig staðið er að því að útteila þeim fjármunum og á hvaða grundvelli.

Framlög til æskulýðsmála hvorki í samræmi við lög né stefnu

Í fylgiriti fjárlaga er upplýsingum um hvert fjárhæðum safnliðar 121 í fjárlögum eiga að renna verulega ábótavant. Ekki er unnt að álykta öðruvísi en svo að verið sé að útteila fjármagni sem renna á til tilgreinds æskulýðsstarfs með hætti sem stangast á við æskulýðslög nr. 70/2007, einkum 3 gr., sbr. 4. gr. æskulýðslaga ásamt 3. tl. 1. mgr. 10. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 6/2022, sbr. 15. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 4. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011. Þá telur félagið auðséð

⁶ Framtíðin: [Stefna](#) um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna til 2030.

að ógagnsæi og skortur á upplýsingum vegna fjárveitinga úr fjárlagasafnlið 121 gangi í berhögg við markmið laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Hér er einkum átt við 42. gr. laga um opinber fjármál sem kveður á um að við úthlutun styrkja og framlaga skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða⁷. Ennfremur er gerð krafa um að styrkir og framlög sem renna af safnliðum fjárlaga skv. 42. gr.⁸ séu tilgreind í fylgiriti með fjárlagafrumvarpi. Er 42. grein nánar útfærð með reglugerð nr. 642/2018⁹ en þar er skýlaus krafa um að auglýsa þurfi fyrirhugaða styrki og framlög að minnsta kosti einu sinni á ári, sem ekki hefur verið gert.

Í svari frá mennta- og barnamálaráðherra vegna skriflegrar fyrirspurnar frá Bergþóri Ólafssyni,¹⁰ þingmanni Miðflokksins, frá síðasta löggjafarþingi koma fram ýmsir styrkir til íþróttá og æskulýðsmála sem ekki er greint frá í fylgiriti fjárlaga. Ennfremur eru styrkir til félagasamtaka á sviði æskulýðsmála flokkaðir sem “rekstrarsamningur” sem er ekki í samræmi við forsendur þá samninga sem gerðir hafa verið, sé lagaleg forsenda samnings tilgreind.¹¹ Sé um rekstrarsamninga að ræða væri eðlilegra að gera grein fyrir þeim í kafla um rekstrar- og þjónustusamninga í fylgiriti fjárlaga, sem hefur ekki verið gert.¹²

Ósamræmi og ójafnræði einkenni úthlutunar til æskulýðsmála

Hefur LUF ítrekað óskað eftir frekari sundurliðun og upplýsingum um hvaða viðmið og aðferðir eru viðhafðar innan mennta- og barnamálaráðuneytisins sem á að réttlæta þá misskiptingu¹³ sem ríkir við útdelingu fjármagns undir umræddum safnlið. Einkum hefur LUF bent á umrætt ósamræmi við ráðuneytið ásamt hróplegu ójafnræði við úthlutun fjármagns málaflokksins en án árangurs. Um er að ræða kerfislega mismunun á úthlutunum til æskulýðsmála sem samræmist hvorki markmiðum laga um opinber fjármál né stefnu stjórnvalda í málaflöknum.

⁷ Samkvæmt lögum um opinber fjármál getur ráðherra gert rekstrarsamning við afmörkuð verkefni sbr. 40. grein og reglugerð nr. [643/2018](#). Einnig getur ráðherra veitt styrki eða framlög sbr. 42. gr. og reglugerð nr. [642/2018](#) um styrkveitingar. Samkvæmt því ber ráðherra að auglýsa fyrirhugaðar styrkveitingar til að gæta jafnræðis og gagnsæis.

⁸ Til að mynda hefur mennta- og barnamálaráðuneytið gert samninga við [Bandalag íslenskra skáta](#) og [KFUM og KFUK](#) á grundvelli 42. gr. laga um opinber fjármál.

⁹ Sjá [reglugerð](#) nr. 643/2018.

¹⁰ Sjá [svar](#) mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn.

¹¹ Sjá [yfirlit samninga](#) frá 2014-2022.

¹² [LUF](#) og [Domus mentis](#) hafa gert rekstrarsamninga á grundvelli 40. gr. sem falla ættu undir rekstrar- og þjónustusamninga. Í svari ráðherra kemur fram að Domus mentis hafi hlotið 30 m.kr. framlag á árinu 2023 vegna samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs.

¹³ LUF vakti einnig athygli á ójafnræði í fjárútlátum til málaflokksins í [umsögn](#) um fjárlög 2021 og tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025.

Í ljósi þess að samkeppnis- og jafnræðissjónarmiðum laga um opinber fjármál er ekki framfylgt í tilviki æskulýðsmála telur LUF sig og aðildarfélög sín vera hlunnfarin við útteilingu fjármuna. Núverandi og fyrirhuguð fjárframlög til félagsins tryggir þvert í frá rekstur félagsins né þá þjónustu sem félaginu er skylt að veita í samræmi við opinbera samninga, innlendar- og alþjóðlegar skuldbindingar, sem og væntingar samfélagsins og samstarfsaðila.

Með vísan til alls þess sem hér hefur verið rakið er ekki að öðru komist en að töluvert svigrúm sé til staðar til eflingar lýðræðislegrar borgarabátttöku ungmenna¹⁴ sem mætir kröfum alþjóðlegra viðmiða. LUF hvetur fjárlaganefnd til að taka til viðeigandi ráðstafana, leiðréttu ríkjandi ójafnræði og ráðast í nauðsynlegar úrbætur.

Þá óskar LUF eftir boði á fund fjárlaganefndar til að veita nefndinni frekari og ítarlegri útskýringar auk upplýsinga um efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar LUF,



Tinna Isebarn,
Framkvæmdastjóri LUF
tinna.isebarn@youth.is

Landssamband ungmennafélaga (LUF) er ungmennaráð Íslands. LUF er samstarfs- og samráðsvettvangur 41 ungmennafélaga og rúmlega 67.000 meðlima þeirra. LUF veitir stjórnvöldum ráðgjöf og aðhald í málefnum ungs fólks sem og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum ungs fólks og frjálsra ungmennafélaga. LUF er málsvari þeirra gagnvart opinberum aðilum og alþjóðlegum stofnunum. LUF vinnur að því að efla ungmennastarf og umræðu um málefni ungs fólks á Íslandi og er fulltrúi aðildarfélaga í margvíslegu erlendu samstarfi.

¹⁴ Í æskulýðsstarfi eru ungmenni hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku með skipulögðu félagsstarfi þar sem þau starfa að markmiðum sem þau sjálf meta að verðleikum. Miðað er að því að auka lýðræðisvitund með forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi í huga og velferðar að leiðarljósi.